

Fundur í skólanefnd Kvennaskólans í Reykjavík haldinn föstudaginn 21. febrúar kl.

15:00 á skrifstofu skólameistara að Fríkirkjuvegi 9, 2. hæð.

Mætt voru: Eva Einarsdóttir formaður, aðalfulltrúi Reykjavíkurborgar,
Elísabet Gísladóttir, varafulltrúi Reykjavíkurborgar
Eiríkur Orri Agnarsson,
Stefán Hilmarsson,
Sjöfn Þórðardóttir, fulltrúar mennta- og menningamálaráðuneytisins
Haraldur Gunnarsson, áheyrnarfulltrúi starfsmanna
Hekla Hlíðkvist Hauksdóttir, áheyrnarfulltrúi nemenda
Sólveig Franklínadóttir, áheyrnarfulltrúi foreldraráðs
Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari
Guðný Rún Sigurðardóttir, fjármála- og skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Skólameistari setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fréttir af skólastarfinu.

Skólameistari greindi frá breytingum á starfsmannahaldi frá haustönn en tveir nýir kennarar hófu störf um áramót, skjalastjóri ráðinn í tímabundin verkefni til eins árs frá nóvember 2019 og ráðið vegna forfalla í mötuneyti.

Greindi einnig frá stöðu húsakosts í Miðbæjarskóla en það hús þarfnast all nokkurra endurbóta m.a. á ytrabyrði.

Skólameistari sagði lauslega frá „húspingi“ sem haldið var í skólanum 18. febrúar en á því þingi sækja starfsmenn skólans fræðslu og kynningu af ýmsu tagi. Þar var í þetta sinn m.a. kynning á 3ja anna kerfi í FG sem tekið var upp s.l. haust í þeim skóla. Mikilvægt að vera sífellt vakandi fyrir nýjungum og þróun í skólastarfi.

Þann 6. mars n.k. mun verða haldinn sameiginlegur starfsþróunardagur meðal 18 framhaldsskóla á SV-horninu en þar munu starfsmenn þessara skóla hittast og bera saman bækur sínar og miðla þekkingu og reynslu sín á milli.

Kennslubúnaður var endurnýjaður í nokkrum kennslustofum á haustönninni og í upphafi vorannar en m.a. voru settir upp skjáir í stað skjávarpa í nokkrar stofur auk þess sem snjallskjáir eru komnir í þrjár kennslustofur til reynslu.

2. **Fjárhagur við áramót og horfur 2020**

Rekstur ársins 2019 var rétt innan fjárveitinga en horfur á að árið 2020 verði rekið með halla. Er m.a. gert ráð fyrir að nýta uppsafnaðan afgang til að ganga á á árinu 2020 auk þess sem haldið verður áfram að endurnýja búnað og tæki. Uppsafnaður afgangur fyrri ára var, skv. lögum um opinber fjármál, skertur sem nemur 14 milljónum í árslok 2019.

3. **Áætlun um innra mat.**

Skólameistari lagði fram áætlun um innra mat til ársins 2022 til kynningar. Þar koma fram þeir þættir í skólastarfinu sem lagt er mat á hverja önn.

4. **Skjalastjórnun, jafnlaunavottun og persónuverndarmál**

Greint frá ráðningu skjalastjóra til eins árs. Megin verkefni skjalastjóra verða innleiðing á GoPro skjalavistunarkerfi og flokkun, skráning og skil eldri gagna til Þjóðskjalasafns.

Bíðum eftir forúttekt vottunaraðila á jafnlaunakerfi skólans sem áætluð er í lok mars.

Persónuverndarstefna skólans nánast tilbúin, aðeins örfáa hnúta á eftir að hnýta þar.

5. **Fréttir af félagslífi nemenda.**

Leikfélag Keðjunnar, Fúría, frumsýnir söngleikinn High Skúl Musical í Iðnó 6. mars n.k. Um 30 nemendur leika í sýningunni en alls taka 50-60 manns þátt í uppfærslunni. Leikstjóri er Hreindís Ylva Garðarsdóttir. Fyrirhugaðar eru níu leiksýningar á þessu stykki.

Árshátíð Keðjunnar var haldin í gær, 20. febrúar í Gullhömrum en árshátíðin og leiksýningin eru að jafnaði stærstu viðburðir í félagslífi nemenda á hverju skólaári.

6. **Önnur mál.**

„Opið hús“ verður í Kvennó 16. mars n.k. en þá er væntanlegum umsækjendum um skólavist og aðstandendum þeirra boðið að heimsækja skólann, skoða sig um og hitta kennara, nemendur og starfsmenn.

Spurt um framkvæmdir í skólanum en endurnýjun á kennslustofu í efnafræði er loks að ljúka, átti að vera lokið fyrir skólabyrjun s.l. haust en hefur dregist úr hófi fram.

Endurbótum á tröppum við aðalinngang við Fríkirkjuveg 9 er rétt að ljúka en þar er verið að smíða handrið og færa í upprunalega mynd.

Vakin athygli á að upplýsingar um fulltrúa í skólanefnd eru ekki réttar á heimasíðu skólans!

Næsti fundur ákveðinn 15. maí 2020.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:15.